

Ed. 128. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. janúar 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem rennur í erfðafjár sjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði stofnunarinnar.

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 14. maí 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu frá núgildandi lögum er fólgin í rýmkun á hlutverki sjóðsins. Núgildandi lög hafa ekki verið talin taka ótvírætt til endurhæfingarstöðva öryrkja. Með breytingu þeirri, sem hér um ræðir, mundi vera heimilt að veita lán eða styrk samkvæmt lögnum til endurhæfingastöðva, þar eð slíkar stöðvar mundu teljast til annarra stofnana fyrir öryrkja, sem stuðla að því að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Nauðsynlegt er, að slíkar stöðvar geti notið aðstoðar samkvæmt lögnum. Erfðafjár sjóður hefur til þessa jafnan haft nokkurt handbært fé, sem ekki hefur verið ráðstafað, svo að sú rýmkun á starfssviði sjóðsins, sem hér er gert ráð fyrir, getur ekki talist varhugaverð.

Síðari málsgreinin er samhljóða ákvæðum laga nr. 25 14. maí 1960.